

Gátlisti með tilvísun til sérfræðiþjónustu vegna beiðni um athugun á stærðfræði

Mjög mikilvægt er að öllum spurningum gátlistans sé svarað. Ef sá sem fyllir út hefur ekki umbeðnar upplýsingar, þá leiti hann eftir þeim hjá öðrum eftir því sem við á. Oft gefst vel að kennari og foreldrar svari listanum í sameiningu. [Tilvísun telst ekki fullnægjandi og verður ekki tekin til afgreiðslu fyrr en allar umbeðnar upplýsingar liggja fyrir.](#)

Nafn nemanda: _____	Kennitala: _____
Skóli: _____	Bekkur: _____
Umsjónarkennari: _____	
Útfyllt af: _____	

1. Er námsárangur nemandans almennt slakur miðað við jafnaldra? Já _____ Nei _____
2. Liggja fyrir athuganir annarra sérfræðinga? Já _____ Nei _____
Ef já, þá hverra? _____
3. Er árangur nemandans í stærðfræði slakur miðað við jafnaldra? Já _____ Nei _____
4. Hvaða þætti stærðfræðinnar á nemandinn erfiðast með? _____

5. Hefur skólinn beitt einhverjum sérúræðum til að mæta erfiðleikum barnsins í stærðfræði? Já _____ Nei _____
6. Ef já, hvers konar úrræðum hefur verið beitt? _____

7. Fylgir barnið námsefni bekkjarins í stærðfræði? Já _____ Nei _____
8. Er heimavinnu í stærðfræði vel sinnt? Já _____ Nei _____
9. Niðurstöður einstakra þátta á samræmdum prófum í stærðfræði hafa verið skoðaðar? Já _____ Nei _____
Ef já, hefur þá verið unnið með nemandann í samræmi við þær niðurstöður? Já _____ Nei _____
10. Styrkleikar nemandans námi: _____

11. Veikleikar nemandans í námi: _____

12. Annað sem þarf að koma fram: _____

Nauðsynleg fylgiskjöl með öllum beiðnum um athugun vegna stærðfræðierfiðleika:

- _____ Námsmat í stærðfræði sl. 2 – 3 annir.
- _____ Sundurliðaðar niðurstöður úr samræmdum prófum í stærðfræði í 4., 7. eða 10. bekk, eftir því sem við á.
- _____ Yfirlit yfir fyrirkomulag sérkennslu ef við á – hver kennir, hversu oft, skipulag (einstaklingskennsla, hópar, inni í bekk, námskeið, annað.

Nánar um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu safnar framangreindum persónuupplýsingum svo mögulegt sé að veita lögbundna þjónustu og svo einstaklingar geti nýtt réttindi sín samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Skólaþjónustan geymir upplýsingarnar í rafrænu kerfi sem utanaðkomandi aðili (ONE) heldur utan um. Auk þess deilir Skólaþjónustan framangreindum persónuupplýsingum með ákveðnum sérfræðingum, sem málið varðar. Þeir eru bundnir trúnaði og ber að haga meðferð persónuupplýsinga í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Skólaþjónustan er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Vegna þess er henni óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem skólaþjónustan safnar um einstök börn afhentar Héraðsskjalasafni einu ári eftir að barn lýkur grunnskólagöngu.

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, svo sem réttar til aðgangs að persónuupplýsingum, að láta leiðrétta þær, takmarka vinnslu þeirra, andmæla og fleira. Réttindi þeirra kunna þó að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Skólaþjónustan meðhöndlar upplýsingar um þá, eða um réttindi sín, þá geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa Skólaþjónustunnar. Sá aðili er Dattaca Labs og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á netfangið dpo@dattacalabs.com.

Dragi einstaklingar í efa að Skólaþjónustan meðhöndli persónuupplýsingar um þá í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018, þá hafa þeir rétt til að senda inn erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

Nánari upplýsingar um meðferð Skólaþjónustunnar á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndaryfirlýsingu sem aðgengileg er á heimasíðu Skólaþjónustunnar.